



Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð

23. fundur Atvinnu- og Menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í kaffistofunni félagsheimilisins á Borg þann 17. september 2024 klukkan 18:30

Fundinn sátu:

Anna Katarzyna Wozniczka, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar

Pétur Thomsen, fulltrúi sveitarstjórnar

Anna María Daníelsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar

Fundargerðin var rituð í tölvu og hana ritaði Pétur Thomsen

Dagskrá:

1. Samantekt á starfinu á fyrri hluta ársins.

Borg í sveit / Grímsævintýri

Gekk vel. Athugasemdir komu varðandi þetta uppröðun borða í íþróttahúsinu.

Bæta þarf skráninguna fyrir söluborðinn. Best að setja það á google forms. Skýra þarf reglur um markaðinn og greiðslur fyrir borðin til að einfalda vinnuna.

Hvetja þarf fyrirtækin í sveitarfélaginu til að taka þátt í deginum.

Til skoðunar er hvað gert verður við peninginn sem kom inn fyrir sölu á borðplássi.

17. júní

Dagskráin gekk vel. Innidagskráin var hæfilega löng.

Reyna þarf að tryggja skemmtiatriðið þannig að það afbóki ekki í síðustu stundu.

Formaður ætlar að athuga með þá aðila sem sáu um andlitsmálningu á Grímsævintýrum. Mikil ánægja var með þau.

Pylsusölufjáröflunin gegg ágætlega. Sleikjóið og nammið seldist vel. Gosið einnig.

Eftir voru 250 pylsur og 5 kassar af brauðum. Pylsurnar voru seldar á 400 og gos á 300. Líklega var það of hátt verð.



Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

2. Verkefni atvinnu- og menningarnefndar í vetur 2024/25

Rætt var um mögulega viðburði á Menningarkvöldi og hvar væri gott að halda slíkan viðburð. Nefndir voru staðir eins og bókasafnið, félagsheimilið og Græna Kannan á Sólheimum.

Nefndin útbjó auglýsingu til að setja inn á facebook síðu Gogg til að auglýsa eftir atriðum fyrir menningarkvöld haustsins.

3. Fjárhagsáætlun 2025.

Nefndin ætlar að óska eftir heimild til að greiða varamönnum fundarlaun á viðburðum eins og 17. júní og Grímsævintýrum til að fá fleiri hendur að verkunum.

4. Fundartímar.

Næsti fundur verður haldinn mánudaginn 7. október klukkan 19:15.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið klukkan 19:45